

Tónvísir

Fréttabréf Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
maí 2018



Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, Hjallavegur 2, Hljómahöll, Reykjanesbær
sími 420-1400 Netfang: tonlistarskoli@reykjanesbaer.is
vefslóð: tonlistarskoli.reykjanesbaer.is
Skrifstofan er opin alla virka daga frá 9-17

Umsóknir fyrir næsta vetur

Þriðjudagurinn 15. maí n.k. er síðasti dagur fyrir núverandi nemendur til að skila inn umsóknum um áframhaldandi skólavist næsta skólaár. Þeir sem enn eiga eftir að skila inn umsókn, þurfa að passa sig á því að „sofa ekki á verðinum“. Sá sem ekki skilar inn umsókn í síðasta lagi 15. maí getur ekki verið öruggur með skólavist næsta skólaár.

Umsóknir nýrra nemenda

Sótt skal um á vef skólans tonlistarskoli.reykjanesbaer.is undir hnappnum

„Nýjar umsóknir“

Æskilegt er að sótt sé um fyrir 1. júní n.k. Eftir þann dag verður unnið úr nýjum umsóknum. Þeir sem fá skólavist fá tilkynningu um það í tölvupósti fyrir 20. júní.

Lok skólaársins

Nú líður að lokum þessa skólaárs. Skólastarfið hefur gengið vel í vetur og nú er prófum í hljóðfærleik, söng og tónfræðagreinum um það bil að ljúka. Framundan eru vortónleikar kennara/deilda og vortónleikar hljómsveita og samspilshópa. Það eru því miklar annir hjá bæði nemendum og starfsfólki skólans þessa dagana, og afar mikilvægt að fara vel yfir það sem stendur hér í Tónvísí og fylgjast vel með á vefsíðunni okkar.

Vortónleikar kennara/deilda

Fjölmarginir vortónleikar verða haldnir eins og venjulega og stendur hver deild eða kennarar fyrir tónleikum með nemendum sínum. Kennarar tilkynna sjálfir til nemenda og/eða foreldra hvar og hvenær tónleikar verða. Yfirlit yfir alla vortónleika skólans er hér í Tónvísí og á vefsíðu skólans. Einnig er hægt að fá upplýsingar um tónleikahaldið á skrifstofunni.

Tónlistarverkefnið „Frá barni til barns“

Söfnun til styrktar langveikum börnum

Píanó-, harmoniku- og hljómborðsnemendur skólans ásamt kennurum sínum, efndu nú á vordögum til tónlistarverkefnis sem ber heitið „Frá barni til barns“, og hleyptu því af stokkunum laugardaginn 14. apríl s.l. Tónlistarverkefnið „Frá barni til barns“ er söfnun til styrktar langveikum börnum í Reykjanesbæ. Þann dag var efnt til sérstakrar dagskrár í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar þar sem haldnir voru sex tónleikar í tónleikasalnum Bergi, á tímabilinu frá kl. 11-14. Auk þess var efnt til listaverkamarkaðar og kaffihús starfrækt við listmarkaðinn. Dagskráin heppnaðist í alla staði mjög vel og mikill fjöldi fólks sem lagði leið sína í Tónlistarskólann til að njóta tónleikanna og góðra veitinga og all nokkuð af listaverkum seldust. Allur ágóði af dagskrá dagsins rennur til málefnsins. Starfsmannafélag Brunavarna Suðurnesja gaf á þessum degi 100.000 kr. til styrktar málefninu og sýndu með því mikinn samhug í verki. Alls söfnuðust þann 14. apríl, fyrsta dag verkefnisins, 692.000 kr. Verkefnið „Frá barni til barns“ stendur til og með 14. maí n.k. og er með styrktarreikning sem verður opinn til loka þess dags. Númer reikningsins er: 0142-15-010366 Kt. 300658-4829.

Síðasti kennsludagur og skólaslit

Síðasti kennsludagur skólaársins er föstudagurinn 25. maí.

Skólaslit verða í Stapa, Hljómahöllinni, fimmtudaginn 31. maí kl. 18.00. Það hefur ávallt verið fjölmenni við skólaslit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og auðvitað eru allir velkomnir. Á skólaslitunum verða að venju afhent prófskírteini og aðrar einkunnir, Íslandsbanki mun veita nemanda hin árlegu „Hvatningarverðlaun“ bankans og falleg tónlist verður flutt. Athöfnin tekur u.þ.b eina klukkustund.

Hljómsveita- og Tónverstónleikar í vor

mið. 9. maí	kl. 20:00	Tónver í Bergi
mán. 14. maí	kl. 18:00	Lúðrasveitir TR í Stapa
þri. 15. maí	kl. 19:30	Hljómsveitir Rytmískrar deildar í Bergi
þri. 22. maí	kl. 18:00	Strengjasveitir og Gítarsamspil í Stapa
mið. 23. maí	kl. 19:00	Barnakór TR í Bergi
fim. 24. maí	kl. 20:30	Bjöllukór TR í Bergi

Fimmtudagur 31. maí

Skólaslit kl. 18:00

í Stapa, Hljómahöll.

Tónlistarflutningur

Hvatningarverðlaun Íslandsbanka

Afhending prófskírteina og vitnisburðarblaða vetrarins

Allir velkomnir

Aðgangur á þessa viðburði er ókeypis og allir eru hjartanlega velkomnir.



Starfsáætlun í maí 2018



9. maí	mið.	kl. 20:00	Vortónleikar nem. Tónvers í Bergi
10. maí	fim.		Uppstigningardagur: FRÍDAGUR
11. maí	fös.	kl. 17:00	Vortónleikar nem. Jelenu og Guðríðar Evu í Bergi
		kl. 19:00	Vortónleikar nem. Ragnheiðar Eirar í Bergi
14.-22. maí			Próf í Tónfræðigreinum

14. maí	mán.	kl. 18:00	Vortónleikar Lúðrasveitar TR í Stapa
15. maí	þri.	kl. 19:30	Vortónleikar Rytmískra hljómsveita í Stapa
18. maí	fös.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00	Vortónleikar nem. Hörpu og Karenar í Bergi Vortónleikar nem. Kristínar og Alberts í Bergi Vortónleikar nem. Bjargeyjar og Helgu Aðalheiðar í Bergi
21. maí	mán.		Annar í hvítasunnu: FRÍDAGUR
22. maí	þri.	kl. 17:00 kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 18:00 kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Vortónleikar nem. Germans í Bergi Vortónleikar nem. Þorvaldar í stofu 102 Vortónleikar nem. Jónínu í Bergi Vortónleikar nem. Arons og Ásgeirs í stofu 102 Vortónleikar hljómsveita Strengjadeildar í Stapa Vortónleikar nem. Geirþrúðar og Sigrúnar Gróu í Bergi Vortónleikar nem. Steinars í Bergi
23. maí	mið.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00 kl. 20:00	Vortónleikar nem.ínu Dóru í Bergi Vortónleikar nem. Aleksöndru og Páls í Bergi Vortónleikar nem. Marínu og Barnakórsins í Bergi Vortónleikar nem. Söngdeildar í Bergi
24. maí	fim.	kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 18:45 kl. 19:30 kl. 20:30	Vortónleikar nem. Wilmu í Bergi Vortónleikar nem. Arnars Freys í Bergi Vortónleikar nem. Þorvaldar Más í Bergi Vortónleikar nem. Birnu í Bergi Vortónleikar Bjöllumkórs TR í Bergi
25. maí	fös.		Síðasti kennsludagur
		kl. 17:00 kl. 18:00 kl. 19:00	Vortónleikar nem. Grétu í Bergi Vortónleikar nem. Unnar í Bergi Vortónleikar nem. Kjartans (Kristjáns) í Bergi
28. maí	mán.		Starfsdagur kennara
29. maí	þri.		Starfsdagur kennara
30. maí	mið.		Starfsdagur kennara
31. maí	fim.	kl. 18:00	Skólaslit í Stapa

